

Mánudaginn 18. desember 1961.

Nr. 30/1961. Þjóðleikhússtjóri f. h. Þjóðleikhússins
(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Þóru Borg og gagnsök
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómdendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr
og Magnús Torfason.

Skaðabætur vegna brottvikningar úr opinberu starfi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. febrúar 1961. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hennar í héraði og fyrir Hæstarétti, en *til vara*, að dæmd fjárhæð verði lækkuð og málskostnaður látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. apríl 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Krefst hún þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni kr. 120.944.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. júní 1958 til greiðsludags, málskostnað í héraði, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál þar, og svo málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu sækir gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda um bætur af þeim sökum, að henni hafi verið sagt upp leikstarfi við Þjóðleikhúsið frá 1. september 1957, en óheimilt hafi verið að slita ráðningu hennar þar fyrr en 30. júní 1958. Er tildrögum málsins og atvikum lýst rækilega í héraðsdómi.

Ljóst er af ákvæðum þjóðleikhússlaganna nr. 86/1947, að fastráðnir leikarar Þjóðleikhússins eru opinberir starfsmenn, sbr. einkum fyrirmæli í 3. málsg. 3. gr., 4. gr. og 5. gr. laganna. Gilda því um ráðningu þeirra og kjör reglur opinbers réttar.

Samkvæmt 3. málsg. 3. gr. greindra þjóðleikhússlaga

ræður þjóðleikhússtjóri fasta leikara til allt að fimm árum í senn og gerir við þá ráðningarsamninga. Í 2. málsgr. 7. gr. segir, að ráðningu skuli miða við leikár, en eftir 1. málsgr. sömu greinar telst leikár frá 1. júlí til 30. júní. Um ráðningartíma var svo nánar ákveðið í 13. gr. reglugerðar nr. 162 frá 23. september 1949, en sú grein hafði stoð í lögnum og var í gildi allan þann tíma, sem hér skiptir máli. Segir þar m. a. svo: „Leikarar skulu ráðnir til eins árs í senn eða til lengri tíma, allt að fimm árum, eða í einstök hlutverk. Leikár telst frá 1. júlí til 30. júní. Ráðningarsamningur miðast við leikár eða frá þeim tíma, er þeir ganga í gildi, og til loka leikársins, nema um ráðningu í einstök hlutverk sé að ræða. Hvor aðili, þjóðleikhússtjóri og fastráðinn leikari, getur sagt upp samningi, enda sé það gert eigi síðar en þrem mánuðum áður en ráðningartíminn er útrunninn. Ef hvorugur aðili segir upp samningi fyrir tilgreindan tíma, framlengist hann óbreyttur um jafnlangan tíma og hann gildi áður.“

Þegar gagnáfrýjandi réðst fastur leikari til Þjóðleikhússins með ráðningarsamningi, dags. 20. október 1949, urðu framangreind ákvæði laga og reglugerðar þáttur af kjörum hennar, þar á meðal fyrirmælin um, að ráðningu skyldi miða við leikárið 1. júlí til 30. júní, að undanteknum upphafstíma fyrsta starfsárs. Það frávik í samningnum, að eftirleiðis skyldi upphaf og lok ráðningartímabils miðað við 1. september, hafði því ekki gildi. Þar sem ráðningarsamningur gagnáfrýjanda var síðan framlengdur, fyrst um tveggja ára tímabil hverju sinni, en síðar frá ári til árs, og uppsögn samkvæmt ákvæðum 13. gr. reglugerðarinnar fór ekki fram fyrir 1. apríl 1957, framlengdist starfsráðningin samkvæmt síðasta málslið nefndrar 13. gr. um tímabilið frá 1. júlí 1957 til 30. júní 1958. Ber samkvæmt þessu að staðfesta þá úrlausn héraðsdóms, að gagnáfrýjandi eigi rétt til bóta úr hendi aðaláfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að taka til greina 1. og 2. kröfulið í héraði, kr. 57.833.22 og kr. 3469.99.

Í 3. kröfulið krefst gagnáfrýjandi orlofsfjár, kr. 9640.80. Tekið er fram í ráðningarsamningi hennar, að um ráðninguna skuli gilda almenn ákvæði í samkomulagi Þjóðleikhússins og Félags íslenzkra leikara frá 6. október 1949, en í 5. gr. samkomulags þessa segir svo: „Leikara ber tveggja mánaða sumarleyfi ár hvert, sem að jafnaði er frá 1. júlí til og með 31. ágúst. Telji þjóðleikhússtjóri óhjákvæmilegt vegna leiksýninga, að sumarleyfi sé tekið á öðrum tíma, skal hann tilkynna það leikara með mánaðar fyrirvara“. Ákvæði þetta, sem gert var að hluta af ráðningarsamningnum, sbr. 3. málsg. 3. gr. laga nr. 86/1947, gildi allan ráðningartíma gagnáfrýjanda, sbr. og 6. málsg. 16. gr. laga nr. 38/1954. Af gögnum málsins og málflutningi má ráða, að gagnáfrýjandi hafi jafnan fengið orlof sitt eftir á, þ. e. í upphafi hvers leikárs fyrir næsta leikar á undan. Mun sú framkvæmd hafa stafað af því, að ekki var um ráðningu fylgt ákvæðum laga um ráðningartímabil, eins og áður var greint. Orlof það, sem gagnáfrýjandi fékk sumarið 1957, var því fyrir leikárið 1. júlí 1956 til 30. júní 1957. Hefur hún þannig ekki fengið orlof fyrir hið síðasta leikár, sem hún var ráðin til, eftir því sem að framan greinir. Telja verður, að orlofsákvæðið hafi verið einn þáttur í starfskjörum gagnáfrýjanda, og þar sem hún bauðst til að starfa við Þjóðleikhúsið út ráðningartíma sinn og átti enga sök á því, að starf hennar var ekki þegið, þá þykir eftir atvikum rétt að dæma henni bætur samkvæmt þessum kröfulið, eins og gert er í héraðsdómi.

Fallast má á þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms með skírskotun til forsendna hans, að gagnáfrýjandi eigi ekki rétt til bóta samkvæmt 4. kröfulið í héraði.

Með framangreindum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn, þar á meðal málskostnaðarákvæði hans. Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, þjóðleikhússtjóri f. h. Þjóðleikhússins, greiði gagnáfrýjanda, Þóru Borg, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. desember 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. þ. m., hefur Þóra Borg leikkona, Laufásvegi 5, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. maí 1959, gegn þjóðleikhússtjóra f. h. Þjóðleikhússins til greiðslu á kr. 120.944.01 með 6% ársvöxtum frá 30. júní 1958 til greiðsludags og málskostnaði að mati dómars, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnandi hefur verið veitt gjafsókn í máli þessu með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 6. október 1959.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar að mati dómars, en til vara, að stefnukrafan verði lækkuð að mati dómars og málskostnaður látinn falla niður. Samkomulag er með aðiljum málsins að ganga fram hjá sáttanefnd og leggja málið beint fyrir bæjarþingið. Dómarinn hefur reynt að koma á sátt í málinu, en sú vitleitni hefur ekki borið árangur.

Málavextir eru svo svofelldir:

Hinn 29. júlí árið 1949 sótti stefnandi um leikkonustarf hjá Þjóðleikhúsinu, er tók til starfa það ár. Gerður var við hana ráðningarsamningur, svonefndur A-samningur, hinn 20. október sama ár. Tekið var fram í samningnum, að stefnandi væri fast-ráðin fyrir tímabilið frá 1. nóvember 1949 til 1. september 1951. Í samningi þessum var enn fremur ákvæði þess efnis, að væri honum ekki sagt upp af öðrum hvorum aðilja, minnst þrem mánuðum áður en hann gengi úr gildi, framlengdist hann óbreyttur til 1. september 1953. Þá var og tekið fram í nefndum ráðningarsamningi, að almenn samningsákvæði milli Þjóðleikhússins og Félags íslenzkra leikara frá 6. október 1949 gildi að öðru leyti og skoðist sem hluti samningsins. Var hann prentaður aftan við ráðningarsamning stefnandi. Þessi ráðningarsamningur gildi óbreyttur til ársins 1955. Hinn 10. maí 1955 ritaði stefndi stefnandi bréf, þar sem hann vekur athygli hennar á, að samningur hennar gangi úr gildi 1. september það ár og óskar jafnframt eftir, að athugun á samningnum fyrir næsta leikár fari fram

í júnímánuði sama ár. Samkvæmt þessu undirritaði stefnandi nýjan ráðningarsamning við Þjóðleikhúsið hinn 29. júní 1955. Samningur þessi skyldi gilda fyrir tímabilið 1. september 1955 til 1. september 1956. Væri honum ekki sagt upp af öðrum hvor-um aðilja, minnst þrem mánuðum áður en hann gengi úr gildi, skyldi hann framlengdur óbreyttur frá 1. september 1956 til 1. september 1957. Að öðru leyti var samningurinn nákvæmlega eins og sá, er aðiljar gerðu með sér hinn 20. október 1949. Á árinu 1956 sagði hvorugur aðilja samningnum frá 29. júní 1955 upp, svo að hann framlengdist sjálfkrafa til 1. september 1957.

Hinn 29. maí 1957 barst stefnandi bréf frá stefnda, þar sem tekið var fram, að samningur hennar rynni út 1. september 1957 og athugun á endurnýjun hans beri að gera fyrir 1. júlí sama ár. Stefnandi kveðst ekki hafa litið á þetta sem uppsögn. Lítið virðist hafa orðið úr samningaviðræðum milli aðiljanna um sumar- ið. Hinn 12. september reit stefndi stefnanda bréf, er segir, að eins og hann hafi áður tjáð henni munnlega, verði sams konar samn- ingur og hún hafi haft undanfarin ár við Þjóðleikhúsið ekki framlengdur, en minnir hana jafnframt á, að tilboð sitt um að gera við hana svokallaðan B-samning standi til 25. september sama ár. Kjör samkvæmt þess konar samningi eru þau, að leik- ara eru tryggðar 60 leiksýningar yfir árið á kr. 350.00 fyrir hverja sýningu ásamt kr. 40.00 fyrir hverja æfingu, er hann tekur þátt í. Þessu tilboði stefnda hafnaði stefnandi í bréfi, dag- settu 24. september 1957, og taldi sig ekki geta fallizt á, að samningur hennar við Þjóðleikhúsið frá 29. júní 1955 væri úr gildi fallinn. Hinn 9. september 1957 ritaði Óskar Borg héraðs- dómslögmaður, bróðir stefnandi, menntamálaráðherra bréf, þar sem það er vefengt, að nefndur samningur sé úr gildi fallinn, og þess krafizt, að hann verði tafarlaust endurnýjaður form- lega. Svo varð þó ekki, og hinn 21. janúar 1958 skrifaði nefndur Óskar stefnda og mælist til, að deila þessi verið lögð í gerð sam- kvæmt 14. grein samnings milli Þjóðleikhússins og Félags ís- lenzkra leikara frá 6. október 1949, en sá samningur myndaði hluta af ráðningarsamningi stefnandi, eins og fyrr er frá greint. Í téðri 14. grein samnings þessa segir m. a.: „Deilumál, sem rísa kunna milli leikara og stjórnar leikhússins út af ágrein- ingi á skilningi eða framkvæmd þessa samnings, skulu lögð í gerðardóm.“ Í nefndu bréfi er einnig frá því skýrt, að Benedikt Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður hafi verið tilnefndur í gerðar- dóminn af hálfu stefnandi, og er þess farið á leit við stefnda,

að útnefndur verði gerðardómsmaður af hálfu Þjóðleikhússins. Þessu neitaði stefndi að verða við í bréfi, dagsettu 10. marz 1958, þar eð ráðningarsamningur stefnandi hefði endanlega fallið úr gildi hinn 1. september 1957, og því væri ekki um neinn grundvöll til gerðardóms að ræða.

Var þá leitað til Félags íslenzkra leikara og það beðið að knýja stefnda til að útnefna gerðardómsmann af hálfu Þjóðleikhússins. Ritaði stjórn félagsins stefnda bréf, þar sem hún skorar eindregið á hann að tilnefna fulltrúa í gerðardóminn. Í bréfi, dagsettu 24. marz sama ár, til félagsins endurtók stefndi synjun sína, þar sem hér væri um algert lögfræðilegt atriði að ræða og hinn lögfræðilegi ráðunautur leikhússins teldi ekki grundvöll fyrir gerðardóm í nefndu tilviki. Var þá leitað til þjóðleikhússráðs um þetta mál í bréfi, dagsettu 16. apríl 1958, en svar mun ekki hafa borizt frá þeirri stofnun. Leitaði stefnandi þá fulltingis hjá Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Félag þetta fór þess á leit við Menntamálaráðuneytið í bréfi, dagsettu 4. júlí 1958, að það hlutaðist til um, að oftnefndur gerðardómsmaður yrði hið fyrsta tilnefndur af hálfu Þjóðleikhússins. Hinn 8. desember 1958 barst félaginu svar ráðuneytisins, þar sem synjað var að verða við þeirri málaleitan.

Er svo var komið málum, ákvað stefnandi að leggja málið fyrir bæjarþing Reykjavíkur, og var svo gert 14. maí 1959, eins og fyrr er frá greint.

Kröfur sínar í máli þessu reisir stefnandi á 7. grein laga nr. 86/1947 um Þjóðleikhús, er segir: Leikár telst frá 1. júlí til 30. júní. Ráðningu starfsmanna Þjóðleikhússins skal miða við leikár. Og í 13. grein reglugerðar nr. 162/1949, sem sett er samkvæmt heimild í 13. grein laga nr. 86/1947, segir svo: „Ráðningarsamningar miðast við leikár eða frá þeim tíma, er þeir ganga í gildi, til loka leikársins, nema um ráðningu í einstök hlutverk sé að ræða.“ Samkvæmt svo skýrum fyrirmælum laga hafi stefnda verið óheimilt að miða við annan ráðningartíma en lögin mæla fyrir um, þar eð þau séu ófrávíkjanleg, hvað ráðningartíma snertir. Stefnandi kveðst ekki hafa haft þekkingu á þessu atriði, og ekki gætt þess, að í samningum þeim, er stefndi gerði við hana, hafi ei verið farið að lögum, enda hafi hún ei talið það skipta máli, því að vitanlega myndi stefndi virða þau lög, er um Þjóðleikhúsið fjalla. En samkvæmt þeim hafi hún mátt treysta því, að lok starfsferils hennar hjá stefnda myndi ætíð miðast við lok leikárs, sem sé hinn 30. júní. Stefn-

andi mótmælir því, að í bréfi stefnda, dagsettu 29. maí 1957, felist uppsögn af hálfu stefnda á ráðningarsamningi aðiljanna, og raunveruleg uppsögn af hálfu stefnda hafi ekki átt sér stað fyrr en 1. september 1957, er stefndi hætti að greiða henni laun. Samkvæmt 12. grein samnings milli Þjóðleikhússins og Félags íslenzkra leikara beri sér minnst þriggja mánaða uppsagnarfrestur. Hafi stefndi því ekki sagt oftnefndum samningi upp með nægum fyrirvara, og eigi hún þar af leiðandi rétt á að halda launum sínum til 30. júní 1958.

Sýknukröfur sínar reisir stefndi á því, að 7. grein laga nr. 86/1947 sé frávikjanlegt ákvæði, og þar af leiðandi sé ekkert því til fyrirstöðu, að hægt sé að semja við einstaka leikara um annan starfstíma við Þjóðleikhúsið en þann, er í téðri lagagrein segir. Þá bendir stefndi á, að oftnefndur ráðningarsamningur brjóti ekki í bága við 16. grein samnings milli Þjóðleikhússins og Félags íslenzkra leikara frá 6. október 1949. Allt frá stofnun Þjóðleikhússins hafi það verið venja að miða við 1. september í ráðningarsamningum fastráðinna leikara, jafnt formanns Félags íslenzkra leikara sem annarra. Enda sé það hentugra fyrirkomulag, því að þá komi tveggja mánaða orlofstími í lok starfstímabilsins í stað þess að byrja ráðninguna með tveggja mánaða orlofi. Hvað sem öðru líði, geti stefnandi ekki reist kröfur af þessu tilefni, þar sem hún hafi svo lengi af frjálsum vilja samið um 1. september sem lokatíma ráðningar sinnar. Þá sé og viðurkennt, að stefnandi hafi verið tilkynnt með rúmlega þriggja mánaða fyrirvara, að samningur hennar rynni út 1. september 1957. Stefndi heldur því auk þess fram, að stefnandi hafi fyrirgert öllum fjárkröfum á hendur sér (stefnda) með því að hafna tilboði stefnda um að gera við hann svonefndan B-samning.

Þá virt er hið fortakslaus ákvæði 7. greinar laga nr. 86/1947, er segir: „Ráðningu starfsmanna Þjóðleikhússins skal miða við leikár“, verður e contrario að telja, að óheimilt hafi verið að semja um annan ráðningartíma en þann, er greinin mælir fyrir um í tilviki því, er hér liggur fyrir til úrlausnar. Ekki verður heldur talið, að hin tiltölulega skamma venja, er ríkt hefur um annan ráðningartíma en lögin ákveða, þoki nokkru hér um. Samningur sá, er hér um ræðir, er því ógildur, hvað ráðningartíma snertir. Þegar þess er enn fremur gætt, að stefnandi var ókunnugt um lagaákvæði þau, er um ráðningartímamann fjalla, og þegar hugað er að samningsaðstöðu aðiljanna, verður að telja það sanngjarnt, að stefndi beri hallann af því, að ei var samið

lögum samkvæmt. Er þetta er haft í huga, verður ljóst, að uppsögn sú, sem stefnandi var send hinn 29. maí 1957, var ei gerð með nægum fyrirvara, er vera skyldi minnst þrír mánuðir, miðað við hin lögboðnu lok ráðningartímans — 30. júní. Hefur því ráðningarsamningur stefnandi framlengzt til 30. júní 1958 með þeim réttaráhrifum, er það hefur.

Stefnandi hefur sundurliðað stefnukröfu sína þannig:

- | | |
|---|---------------|
| 1. Laun frá 1/9 1957—30/6 1958 | kr. 57.833.22 |
| 2. Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins | — 3.469.99 |
| 3. Orlofsfé | — 9.640.80 |
| 4. Skaðabætur | — 50.000.00 |

Alls kr. 120.944.01

Stefndi hefur mótmælt bótakröfum stefnandi hverri fyrir sig og öllum í heild sem röngum og órökstuddum. Verða nú hinir einstöku liðir teknir til athugunar.

Um 1. lið:

Samkvæmt ráðningarsamningi sínum bar stefnandi kr. 9.600.00 í laun á ári, að viðbættum dýrtíðaruppbótum og hækkunum í samræmi við kaupgjaldsvísitölu. Eftir útreikningi, gerðum á skrifstofu Þjóðleikhússins, hefðu laun stefnandi á tímabilinu 1/9 1957—30/6 1958 orðið kr. 57.833.22. Verður þessi liður því tekinn til greina að fullu, enda hefur því ekki verið haldið fram, að hún hafi haft nokkrar tekjur af leikstarfsemi á þessum tíma.

Um 2. lið:

Samkvæmt 16. grein reglugerðar nr. 162/1949 skulu starfsmenn Þjóðleikhússins, sem ráðnir eru til minnst eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, greiða iðgjöld í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og njóta þar sömu réttinda og aðrir starfsmenn ríkisins. Sjálfir greiða starfsmenn til sjóðsins 4% af launum sínum, en stefndi leggur fram 6% á móti, miðað við greidd laun. Upphæð þessa kröfuliðs, kr. 3.469.99, eru 6% af fjárhæð 1. kröfuliðs. Verður þessi liður því tekinn til greina að fullu.

Um 3. lið:

Samkvæmt ákvæðum 5. greinar kjarasamnings milli Þjóðleikhússins og Félags íslenzkra leikara skyldu leikarar við Þjóðleik-

húsið fá tveggja mánaða sumarleyfi ár hvert. Svarar þetta til 16.667% orlofsfjár. Upphæð þessa liðs, kr. 9.640.80, er greind hundraðstala af fjárhæð 1. liðs. Verður þessi liður því einnig tekinn til greina að fullu.

Um 4. lið:

Þessi kröfuliður, sem er áætlaður, er tvíþættur. Annars vegar bætur fyrir missi nokkurra aukatekna, er fylgja leikarastörfum við Þjóðleikhúsið, svo sem þóknun fyrir leiksýningar fram yfir 150 á ári, leikferðir og aukaæfingar. Hins vegar sérstakar bætur fyrir réttarbrot það, er stefnandi hafi orðið fyrir af hendi stefnda, með því hafa ekki getað komið fram á leiksviði í heilt leikár, en leikari, sem hefur leiklist að aðalstarfi, sé mjög háður því, að leikhúsgestir þekki hann og persóna hans og leikframkoma greipist inn í vitund allra þeirra, er leikhús sækja. Með þessari fjarveru sinni frá leiksviðinu telur stefnandi sig hafa beðið tjón, er stefnda beri að bæta.

Þegar litið er til ráðningarsamnings stefnandi, verður ekki talið tilefni til að greiða henni bætur samkvæmt þessum kröfulið. Skal stefndi vera sýkn af þessum lið stefnukröfunnar.

Málalok verða því þau, að stefndi skal greiða stefnandi alls kr. 70.944.01 (kr. 57.833.22 + kr. 3.469.99 + kr. 9.640.80) með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 9.000.00, og ber skipuðum talsmanni stefnandi, Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 8.750.00 af málskostnaðinum í málflutningslaun.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, þjóðleikhússtjóri f. h. Þjóðleikhússins, greiði stefnandi, Þóru Borg, kr. 70.944.01 með 6% ársvöxtum frá 30. júní 1958 til greiðsludags og kr. 9.000.00 í málskostnað. Ber skipuðum talsmanni stefnandi, Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 8.750.00 af málskostnaðinum í málflutningslaun. Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.